

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 89.09 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 40.60 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 89.09 á kWst.
 3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kW — 14.32 á kWst.
 afgangur af afgjald með lýsingu — 59 214.00 á kWst.
 3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
 Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun — 45.98 hverja kWst.
 Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun — 30.60 hverja kWst.
 Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun — 28.10 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag kr. 15.37 á kWst.
 4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2x1.5 klst. á dag — 21.67 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

	Heimtaugargjald Kr.	Yfirlengdargjald Kr./m
63 A 1 fasa	170 600	9 945
63 A 3 fasa	184 060	9 945
100 A 3 fasa	230 000	11 155
125 A 3 fasa	283 800	12 535
200 A 3 fasa	357 650	17 020
300 A 3 fasa	646 300	20 010

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlinu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 2 000.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 000 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 22% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 41% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4. sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku­lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 um hækkun smásölu­verðs raforku. Taxtar í kafla 4 hitun öðlast þó eigi gildi fyrr en frá og með 16. mars 1980. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun á skyldu til fyrirframgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1980.

1. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fyrirfram árið 1980 skv. ákvæðum laga nr. 1/1980.

Umsókn um slíka lækkun skal send skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðslu­skyldunnar.

2. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema að rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1978 og 1979 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1979 sé meira en 25% lægri en skattgjaldstekjur hans voru á tekju­